

Sú venja hefur skapast við Höfðaskóla að nemendur 10. bekkjar fari í utanlandsferð að vori. Áfangastaðir sem í boði eru, nema að sérstaklega sé um annað samið vegna aðstæðna: Kaupmannahöfn, Brighton og Alicante/Salou.

Í þeim ferðum sem farnar eru gerum við kröfu um að nemendur sýni góða framkomu og hlíti þeim reglum sem þeim eru settar.

Skólareglur Höfðaskóla gilda í ferðalögum jafnt sem í skólanum sjálfum en þær eru í stuttu máli:

- Við sýnum hvert öðru virðingu, tillitsemi og kurteisi.
- Við mætum stundvíslega og vel undirbúin.
- Við göngum snyrtilega um.
- Við berum ábyrgð á eigin hegðun.

Áður en farið er í ferðina undirrita nemendur, foreldrar/forráðamenn og skólastjóri eftirfarandi samning:

#### Samningur

Heiti á ferð: \_\_\_\_\_

Ég (nemandi) \_\_\_\_\_ samþykki eftirtalin atriði meðan á ferð okkar stendur (tímabil) \_\_\_\_\_

1. Skólareglur gilda alltaf.
2. Ég geri mér grein fyrir því að til þess að þessi ferð heppnist sem best þarf ég að leggja mig fram í samskiptum við aðra, sýna jákvæðni og umburðarlyndi. Hef það í huga að stofna ekki sjálfri/sjálfum mér og öðrum í hættu með óþarfa glannaskap.
3. Notkun tóbaks, orkudrykkja, áfengis eða annarra vímuefna er stranglega bönnuð.
4. Þeir sem taka að sér fararstjórn í ferðum sem þessum bera mikla ábyrgð. Ég geri mér grein fyrir því að það eru fararstjórnarnir sem taka endanlegar ákvarðanir og ég virði þær.
5. Ef eitthvað ber út af t.d. ef ég veld tjóni eða bið sem hefur fjárhagsleg útgjöld í för með sér eða ég verð uppvís að stuldi eða öðrum lögbrotum, bera forráðamenn mínir þann kostnað sem af því hlýst.

Brjóti ég þannig af mér, að ekki verði við unað eða bætt úr, samþykki ég og foreldrar/forráðamenn mínir að ég verði send/ur heim án tafar og á kostnað forráðamanna.

Skagaströnd, þann \_\_\_\_\_

Undirskrift nemanda \_\_\_\_\_

Samþykki forráðamanns \_\_\_\_\_

Staðfesting skólastjóra \_\_\_\_\_